

NÁMSLÝSING

STAFRÆN SMIÐJA
(FABLAB)

Námskrá: Smiðja 2 – 1



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSLÝSINGAR

Stafræn smíðja (FabLab) – í samræmi við námskrá Smíðja 2 – 1 (23-556-2-160)

VINNUSTUNDIR ÞÁTTTAKANDA

Klukkustundir 160

HVERJUM ÆTLAÐ

Fullorönu fólki á vinnumarkaði 18 ára eða eldra með stutta skólagöngu að baki

FJÖLDI EININGA

8 framhaldsskólæiningar

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

1. útgáfa 2025

Gert af: Þekkingarnet Þingeyinga

Staðfest af FA samkvæmt reglum v-hæfniviðmiðna námskrár

Efnisyfirlit

NÁMSLÝSING	2
INNTÖKUSKILYRÐI	3
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMSKRÁR SMÍÐJA 2-1	3
UMFANG OG INNIHALD	3
SKIPULAG	3
HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMD	4
ALMENNAR UPPLÝSINGAR TIL FRÆÐSLUAÐILA/ LEIÐBEINENDA	4
NÁMSMAT	4
YFIRLITSTAFLA	5
VERKEFNI Í SMÍÐJU 2 – 1.1 F-SMÍÐ 1 VA (27)	6
<i>Lýsing</i>	6
VERKLAG OG VINNUBRÖÐ 2 – 1.2 F-SMÍÐ 1 VE (1)	7
<i>Lýsing</i>	7
<i>Hæfniviðmið 2 – 1.2</i>	7
<i>Námsmat</i>	7
ÞJÁLFUN OG SJÁLFSTÆÐ VINNA, SMÍÐJA 2 – 1.3 F-SMÍÐ 1 PS (1)	8
<i>Lýsing</i>	8
<i>Hæfniviðmið 2 – 1.3</i>	8
<i>Námsmat</i>	8
VIÐAUKI.....	9
<i>Viðauki 1</i>	9
<i>Viðauki 2</i>	11

Námslýsing

Námslýsingin er gerð út frá námskrá FA Smiðja 2 – 1, (23-556-2-160), í námskrárgrunni Menntamálastofnunar (menntamálaráðuneyti 2024) og á vef FA.

Námskráin Smiðja 2-1 lýsir námi á 2. þrepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi, skipt í 3 námsþætti. Megintilgangur með námi í smiðju er að nemar kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu og fjölbreytt tjáningarform. Námið er ætlað þeim sem vilja efla skilning sinn og hæfni til að vinna sjálfstætt í stafrænum heimi og/eða eru að taka sín fyrstu skref í hönnun með stafrænum hætti. Áhersla er á almenna starfshæfni nema eins og hún hefur verið skilgreind hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA).

Markmið Vinnustofu stafrænnar smiðju er að nemar öðlist skilning og getu til að vinna sjálfstætt að grunn verkefnum. Þátttakendur fá innsýn í hugmyndavinnu, hönnun, verklag og framleiðslu hugmynda sinna og sjá hugmynd verða að hlut með stafrænum hætti. Námið gengur út á að þátttakendur læri og vinni að hagnýttum verkefnum þar sem æfing/þjálfun, sköpun, vinnulag og notkun verkfæra eru í forgrunni. Einnig læra nemar að skilja hvers vegna reglur, öryggi, samstarf og samvinna eru mikilvæg í smiðjunni.

Námið er 160 klukkustundir að lengd, sjá nánar í yfirlitstöflu á síðu 5, þrír námsþættir og 8 einingar á framhaldsskólastigi. Eftir námslok er mögulegt að óska eftir mati á náminu í framhaldsskóla eins og gerð er grein fyrir í námskrá.

Eftirfarandi námslýsing er ætluð nemum, leiðbeinendum og fólki sem vill bjóða nám af þessu tagi. Námslýsingin er einnig ætluð fólki sem vill leggja mat á námið í tengslum við starf, nám eða annað sem þetta nám kann að hafa þýðingu fyrir.

Inntökuskilyrði

Ekki eru formleg inntökuskilyrði í þetta nám.

Hæfniviðmið námskrár Smiðja 2-1

Þekking:

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helsta fagmáli í tengslum við verkefni smiðjunnar
- Reglum og vinnubrögðum sem tilheyra starfinu
- eiginleikum og nýtingu efna við vinnslu verks í smiðju
- verkáætlun, verklýsingu og tengdum gögnum
- undirbúningi verks s.s. með einföldum skýringamyndum eða öðru
- virkni algengra áhaldna og tækja sem henta starfinu
- mikilvægi góðs sjálfstrausts í samskiptum.

Leikni:

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- fylgja reglum, verkferlum og öðrum ákvörðunum á vinnustað
- vinna sjálfstætt og með öðrum að lausn verkefna
- nota mismunandi aðferðir sem hæfa verkefninu
- lesa einfaldar teikningar / skýringamyndir
- nota viðeigandi efni, meðhöndla þau m.a. til að ná fram ólíkum áhrifum
- beita viðeigandi fagþekkingu og þekkja fagmálið
- nota algeng áhöld og tæki.

Hæfni:

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna fram á góðan undirbúning og öguð vinnubrögð
- leysa viðfangsefni / verkefni sem tilheyra starfinu
- fylgja fyrirfram ákveðnum reglum og verkferlum á vinnustað
- sýna jákvætt viðhorf til starfsins og axla ábyrgð á því
- vinna verkefnin sjálfstætt og í samstarfi við aðra
- þróa hugmyndir og hagnýta tækni
- fjalla um / ræða vinnuna út frá eigin túlkun.

Umfang og innihald

Námið er alls 160 klukkustundir og skiptist í þrjá námsþætti.

Skipulag

Námið er verklegt og skiptist í þrjá hluta með verkefnavinnu. Stígandi er í sjálfstæði og ábyrgð í náminu. Hæfniviðmið námsþátta eiga við skipulagt nám í mótuðu ferli með leiðbeiningum og verkstjórn leiðbeinanda og skulu henta fólki sem lærir með nokkru sjálfsforræði samkvæmt verklýsingum en undir eftirliti leiðbeinanda. Í verkefnavinnu vinna nemar sjálfstætt að skilgreindum verkefnum á vinnustað eða í smiðjunni.

Í verkefnavinnu vinna þátttakendur sjálfstætt að skilgreindum verkefnum í smiðjuaðstöðu FabLab eða eftir atvikum á vinnustað. Leiðbeinandi styður við einstaklinga og hópa, metur framvindu og tryggir að aðstæður henti þjálfun og námi.

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra sem hefur umsjón með náminu og framkvæmd þess. Verkefnastjóri sér einnig til þess að námsþættir séu samþættir ef við á og tryggir rökréttu samfellu þeirra með leiðbeinanda. Fræðsluaðili/verkefnastjóri ber ábyrgð á að aðstaða henti verklegri þjálfun og er tengiliður við lykilstarfsfólk á vinnustað, ef við á. Lögð er áhersla á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta fullorðnu fólki.

Verkefni smiðjunnar

Megináhersla smiðjunnar er að þátttakendur fái innsýn í helstu ferla sem snúa að tækni við stafræna framleiðslu. Unnið er með stafræna hönnun, skráningu hugmynda, efnisval og úrvinnslu hugmynda í tækjum á borð við laserskera, þrívíddarprentara, vínyskera, stafræna saumavél og fræsara. Nemar móta og útfæra eigin verkefni með aðstoð leiðbeinenda. Leitast er við að nemar tengi námsferlið við áhugasvið sitt. Sú reynsla nýtist til að bæta við sig frekari þekkingu, leikni og hæfni við vinnslu nýrra verkefna.

Lögð er áhersla á að nemar tileinki sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð, efli samvinnu- og samskiptahæfni og læri með því að framkvæma/vinna verk – frá hugmynd, útfærslu og yfir í nothæfa afurð eða frumgerð.

Hagnýtar upplýsingar um framkvæmd

Í upphafi náms er farið yfir markmið, viðfangsefni og skipulag námsins ásamt notkun verkdagbókar, þar sem þau skrá hugmyndir, framvindu og lærdóm. Einnig er kynnt einföld útgáfa af skráningu á verkferlum og verklagi við framkvæmd verkefna. Farið er yfir hvaða námsgögn og tæknibúnaður verður nýttur í námskeiðinu og hvernig námsmati er háttað. Leiðbeinandi útskýrir kröfur um verkefnaskil, vinnulag og þátttöku. Nemendur fá kynningu á öllum helstu tækjum sem notuð verða á námskeiðinu þar á meðal laserskera, 3D-prentara, vínyskera, saumavél og fræsara.

Áhersla er lögð á að allir þátttakendur fái greinargóða kynningu á húsnæði og aðstöðu FabLab Húsavíkur. Þar á meðal eru öryggisreglur, rýmingaráætlanir og verklag við notkun hættulegra verkfæra eða efna eins og við á. Leiðbeinandi útskýrir jafnframt kröfur um viðveru og afhendir stundatöflu. Nemar fá upplýsingar um hvað er ætlast til af þeim og þann stuðning sem nemar geta vænst af leiðbeinanda, samstarfsfólki og námsumhverfinu.

Almennar upplýsingar til fræðsluaðila/ leiðbeinenda

Námið byggir á frammistöðu og ábyrgð einstaklingsins, samvinnu og samábyrgð nema og leiðbeinenda. Námssefni, framsetningu og framvindu náms skal sníða að forsendum fullorðinna. Námsárangur er ekki einungis vitnisburður um frammistöðu einstaklings heldur einnig um aðstæður til náms og árangur af samvinnu nema og leiðbeinenda.

Leiðbeinendur styðja við þróun nema og uppbyggingu náms. Við nám í smiðju hafa nemar tækifæri til að nýta eigin reynslu og afla nýrrar. Reynt er að tengja reynslu og veruleika nema við viðfangsefni námsins hverju sinni. Áhersla er á styrkleika hvers og eins, hvatningu í garð nemanna og að vinna traust þeirra. Veita skal leiðsögn og aðstoð í einstaklingsmiðuðu námi og laga kennslu að mismunandi námsnálgunum.

Leiðbeinandi þarf að þekkja algengar hindranir hjá fullorðnum nemum og geta brugðist við þeim á viðeigandi hátt. Áhersla á fjölbreyttar kennslu- og matsaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir og óskir nemanna.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gerir kröfu til þeirra sem heimild fá til að nota þessa námslýsingu um að formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir verði framfylgt við notkunina.

Námsmat

Námsmati í smiðju FabLab er ætlað að styðja við nám og vöxt nema og byggist á leiðsagnarmati. Áhersla er lögð á þátttöku, virka verkefnavinnu, vandaðan undirbúning og framvindu í hverri lotu. Nemendur vinna verkdagbók nýtist sem hluti af lokamati hvers námsþáttar og undirbúningi fyrir næstu þætti.

Yfirlitstafla

Smiðja 2 – 1

Tafla 1: Heildarútlit, skipulag

Tími er í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. fræðslu	Klst. framlag - viðbót	Eining	Þrep
Verkefni í smiðju 2-1.1	F- SMID1VS (27)	20	10	10	1	1
Verklag og vinnubrögð 2-1.2	F- SMID1VE (1)	20	10	10	1	1
Þjálfun og sjálfstæð vinna 2-1.3	F- SMID2PS (1)	120	68	52	6	2
Vinnuframlag nema		160	88	72	8	

Verkefni í smiðju 2 – 1.1

F-SMÍÐ 1 VA (27)

Prep	1
Vinnustundir	20 (eða 10+10)
Námsgrein	Smiðja, verkefni 2-1.1
Viðfangsefni	skipulag, verkdagbók, vinnuumhverfi

Lýsing

Í þessum hluta námsins fá nemar kynningu á FabLab-smiðjunni, tækjunum og efnunum sem notuð verða síðar. Lögð er áhersla á helstu hugtök, öryggisreglur, meðferð og frágang tækja í smiðjunni.

Nemar læra að skrá verkefnavinnu sína í verkdagbók, gera einfaldar áætlanir og skilja hvers vegna reglur, öryggi, samstarf og samvinna eru mikilvæg í smiðjunni.

Kennslan fer fram með leiðsögn, sýnikennslu og samræðum. Markmiðið er að nemar öðlist sjálfstraust til að hefja vinnu í FabLab-smiðjunni. Þau læra hvernig smiðjan virkar, hvernig á að skipuleggja verkefni, skrá vinnuna og hvernig mikilvægt er að vinna með öðru fólki undir leiðsögn.

Hæfniviðmið 2 – 1.1

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- verkefnum smiðjunnar
- tilgangi verkdagbókar
- öryggisreglum
- verklagi í FabLab
- helstu hugtökum .

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- fylgja reglum og fyrirmælum leiðbeinanda
- nýta verkdagbók til skráningar á hugmyndum og verkefnum
- Lesa verklýsingar

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna fram á fagleg og öguð vinnubrögð
- taka þátt í smiðjunni á ábyrgðarfullan og virkan hátt

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema í umræðum og verkefnum.

Prep	1
Vinnustundir	20 (eða 10+10)
Námsgrein	Smiðja, verklag 2-1.2
Viðfangsefni	verklýsing, verkþjálfun, vinnubrögð

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla skilning og hæfni nema til að vinna sjálfstætt í stafrænni vigur (vektor) teikningu, uppsetningu og umsýslu skjala fyrir stafrænt efni og skjöl til frekari vinnslu. Farið er yfir helstu þætti í framsetningu texta, mynda og teikninga, hvernig hlaða á inn eigin efni í það forrit sem unnið er með hverju sinni og vinna efnið áfram með ýmsum leiðum svo sem tví- og þrívíddarteikningu eða á annan hátt. Verkfæri og forrit sem notuð eru í náminu eru kynnt og hvernig hægt er að nota þau við ólíka hluta verkefna t.d. til að lagfæra, litalaga og sníða til efni. Nemar kynnast gagnabönkum og sniðmátum sem aðgengileg eru til efnissköpunar í stafrænum heimi og ýmsa möguleika sem fylgja gervigreind við notkun forritanna.

Hæfniviðmið 2 – 1.2

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- verkferlum og verklagi í tengslum við verkefni smiðjunnar
- eiginleikum og nýtingu efna í samræmi við verkefni og tæki

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- fylgja reglum og fyrirmælum leiðbeinanda
- vinna eftir einfaldri verklýsingu
- meðhöndla viðeigandi efni og tæki

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna fram á fagleg og öguð vinnubrögð
- vinna verkefni með markvissum aðferðum og skýra framvindu
- Fylgja fyrirfram ákveðnum reglum og verkferlum

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema í umræðum og verkefnum.

Þjálfun og sjálfstæð vinna, smiðja 2 – 1.3

F-SMÍÐ 1 ÞS (1)

Þrep	2
Vinnustundir	120 (eða 68+52)
Námsgrein	Smiðja, verkefni 2-1.2
Viðfangsefni	skipulagning, vinna, vinnubrögð

Lýsing

Í þessum námsþætti er áfram unnið með þau helstu forrit sem notuð eru í náminu og fá nemendur markvissa þjálfun í sjálfstæðri vinnu með stafræna teikningu og útfærslur fyrir mismunandi tæki. Byggt er ofan á þann grunn sem lagður var í fyrri námsþáttum, svo sem vektorteikningu, tví- og þrívíddarteikningu og notkun ýmissa hugbúnaðarlausna.

Áhersla er lögð á að kafa dýpra í möguleika forritanna og hvernig þau geta stutt hvert annað í vinnslu teikninga og hönnunar. Nemendur vinna bæði stutt og lengri verkefni til að öðlast dýpri skilning á helstu tólum og eiginleikum þeirra forrita sem unnið er með.

Að auki er lögð sérstök áhersla á nokkur umfangsmeiri verkefni, svo sem: uppsetningu og afhendingu skjala fyrir prentun, hönnun hluta fyrir fræsara og laser, myndvinnslu uppsetningu fyrir stafræna saumavél, meðhöndlun og notkun mismunandi útgáfu fyrir þrívíddarprentara og notkun forrita fyrir rafrásir.

Hæfniviðmið 2 – 1.3

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- helsta fagmáli í tengslum við verkefni smiðjunnar
- undirbúningi verks s.s. með einföldum skýringamyndum eða öðru
- virkni algengra áhaldna og tækja sem henta starfinu

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að

- nota mismunandi aðferðir sem hæfa verkefninu
- nota viðeigandi efni, meðhöndla þau m.a. til að ná fram ólíkum áhrifum
- beita viðeigandi fagþekkingu og þekkja fagmálið
- nota algeng áhöld og tæki.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- fjalla um / ræða vinnuna út frá eigin túlkun
- Vinna sjálfstætt í forritum og tækjum stafrænnar smiðju
- Samnýta fleiri en eitt forrit til að útbúa flóknari hluti.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á virkni, þátttöku og sjálfstæði í verkefnavinnu. Verkdagbók nýtist til skráningar og endurmats á ferlinu og er hluti af heildarmati námsþáttarins. Lokamat felst í afurð, skýrslu eða kynningu þar sem fram kemur hæfni nemanda til að beita þekkingu sinni með sköpunargáfu og innsýn.

Viðauki

Viðauki 1 Verkdagbók- Dæmi

Forsíða

Nemi:

Tilgangur verkdagbókar er að efla nám og vera vitnisburður um framvindu og árangur náms.

Í verkdagbók er safnað efni til þess að:
auðvelda nemum upprifjun á efni smiðjunnar
nemar og leiðbeinendur geti metið framvindu og árangur námsins
vera vitnisburður um viðfangsefni og árangur nemenda ef þeir vilt sýna hana öðrum.

- Nauðsynlegt er að færa í verkdagbók á hverjum degi.
- Framsetning efnis getur verið skrifleg, riss, teikningar, ljósmyndir og/eða hljóðritun eða á annan hátt sem neminn kys.
- Dæmi um efni sem á erindi í verkdagbók:
 - verklýsingar, áætlanir, uppgjör og annað sem varðar undirbúning, skipulag og framvindu verks.
 - minnisatriði, hugleiðingar og ályktanir.
 - gátlistar, eyðublöð og leiðsagnarmat.

Innsíða

Blaðsíða _____ af _____

[illegible]

Verklýsingar, myndir, teikningar, riss, myndatextar, minnisatriði, hugleiðingar, ályktanir og svo framvegis.

Viðauki 2

Hér eru dæmi um helstu grunnatriði til að æfa sig við að vinna í Inkscape

Inkscape

Grunnatriði í Inkscape

Inkscape er ókeypis forrit sem má sækja á <https://inkscape.org/>. Þar er líka hægt að fletta upp leiðbeiningum, sjá mismunandi verkefni og hugmyndir.

Einnig eru mjög góðar leiðbeiningar á YouTube. Best er að skilgreina mjög nákvæmlega að hverju er verið að leita til að fá sem bestar upplýsingar. T.d. „How to round corners in Inkscape?“


Best að stilla Inkscape á ensku (Inkscape tekur sjálfkrafa tungumálið sem er í tölvustillingum) því þá er auðveldara að fylgja leiðbeiningum á netinu.

Í Inkscape er hægt að breyta mynd af veraldarvefnum (t.d. Clipart eða logo) í svokallada vectormynd sem m.a. vinylskerinn eða laserskurðvél geta skorið eftir. Vectormynd tapar ekki skerpu þegar hún er stækkuð eða minnkuð.

Svo má bæta texta við eða teikna bara sjálf/ur í forritinu.

Þegar á að breyta ljósmynd í vectormynd er oftast best að notast við „Bezier curves and straight lines“-verkfæri og fara eftir útlínunum.

Svona lítur skjárin út þegar við opnum Inkscape:



Við notumst mest við Toolbox (verkfærakassi) og Commands bar.

Hvíta blaðið er teiknisvæði okkar, allt sem okkur langar að skera þarf að vera á því svæði.

Til að breyta stærð svæðisins þarf að fara í „File“-„Document Properties“. Allt fyrir utan teiknisvæðið verður ekki skorið en það er hægt að safna hlutum saman og vinna þá þar.

Til að sjá verkefnið okkar betur er stundum gott þysja inn með því að halda Ctrl-takkanum inni og snúa hjólinu á músinni.

Toolbox (verkfærakassi)



Velja og breyta (stærð og snúning).
Smella 1x til að breyta stærð, smella 2x til að snúa.



Node tool.
Mikið notað þegar við þurfum að breyta útliti myndarinnar. Þegar „Node tool“ er valið byrtast margir litlir kassar (nodes) í myndinni. Með því að draga kassana til eða eyða þeim er hægt að breyta myndinni.



Squares and Rectangles - Notað til að teikna kassa.



Circles, Ellipses and Arcs
Notað til að teikna hringi, sporbauga og bauga



Stars and Polygons - Notað til að teikna stjörnur og marghyrninga



Bezier curves and lines
Hentugt verkfæri þegar þarf að fara meðfram útlínunum



Freehand lines - Frjáls teikning




Calligraphy - Pensilstrokur



Text - Bæta við og breyta texta. Hægt að velja úr mörgum leturgerðum eða sækja nýja leturgerð af netinu (t.d. 1001fonts.com)

Commands bar



Míkilvægasti takkinn hér er „Undo“-takkinn.
Þegar eitthvað mistekst hjá okkur er best að nota hann.
Það má líka nota „Ctrl +Z“ í sama tilgangi.



Save - Vista skjalið. Gott að gera það reglulega, því Inkscape á það til að lokast óvænt.

Tool controls bar

Breytilegt útlit eftir því hvaða verkfæri í toolbox er valið.
Helst notum við eftirfarandi:



Rotate left/right 90°
Snúningur til vinstri eða hægri um 90°



Flip - Spegln



Raise/lower selection
Hækka eða lækka valdan hlut



Join selected nodes
Sameina 2 nodes í 1




Join selected endnodes with a new segment
Bæta beinni línu inn.




Delete segment
Opna línuna á milli 2 nodes.



Leturgerð
Hægt að breyta með því að smella í kassan og notast við „ör niður“-lykillinn á lyklaborðinu. Þá sést breytingin strax.




Velja og breyta verkfærið er valið



Node tool er valið



Texttool er valið



Leturstærð

Spacing between base lines
Breytir línubil.

Menu bar

Efst á skjánum og geymir mismunandi fellivalmyndir. Mest notuð eru „Object“, „Path“ og „Text“.
Þegar við veljum eitthvað hér opnast oftast nýr gluggi hægra megin á skjánum sem inniheldur helstu atriði og skipanir.

Object	Hér finnum við m.a „Fill and Stroke“ og „Align and Distribute“.
Path	Inniheldur skipanir eins og „Trace Bitmap“ og verkfæri til að sameina eða skipta/breyta vektormyndina okkar.
Text	Hægt að breyta útlit og form texta.

